



KÁRSNES KYNNINGARFUNDUR

29. NÓVEMBER 2016



Dagskrá



- Fundarstjóri (Theódóra S. Þorsteinsdóttir)
- Skipulagsvinna (Birgir H. Sigurðsson)
- Kársnes samkeppni - Spot on Kársnes (Dagný Bjarnadóttir)
- Samgöngur á Kársnesi (Svanhildur Jónsdóttir)
- Skipulagslýsing: þróunarsvæði Kársness og brú yfir Fossvog (Sólveig H. Jóhannsdóttir)
- Hvert verður framhaldið? (Ármann Kr. Ólafsson)
- Umræður

Spurt og svarað

- **Hvaða áhrif get ég haft?**
- Sv: Þú getur haft mikil áhrif. Skipulagslýsing felur í sér að lýst er hvaða hugmyndir eru á teikniborðinu. Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar geta nú komið með athugasemdir og ábendingar við skipulagslýsingarnar en skipulagslýsingar eru undanfari deiliskipulagsvinnu.

Spurt og svarað

- **Hvernig byggð verður þetta?**
- SV: Þetta verður blönduð byggð, íbúða og atvinnuhúsnæðis (verslun, þjónusta, atvinna og ferðatengd starfsemi)

Spurt og svarað

- **Hvaða áhrif hefur þetta á umferð í mínu hverfi?**
- SV: Umferð mun aukast – en mun minna en áður hefur verið áætlað vegna aukins vægis almenningsamgangna, brúartengingar yfir til Reykjavíkur, breyttur lífsstíll t.d. hvað varðar hjólreiðar og göngu – allt hefur þetta áhrif til þess að draga úr umferð einkabílsins.
- Með áherslu á öflugar almenningsamgöngur og góða og örugga hjólreiðastíga aukum við fjölbreytni og frelsi í samgöngum.
- Það er þjóðhagslega hagkvæmt, umhverfisvænt og bætir lýðheilsu.

Spurt og svarað

- **Hvenær hefjast framkvæmdir?**
- SV: Áætlað er að skipulagslýsingarferlinu ljúki í janúar/febrúar 2017. Þá tekur við næsta stig sem er deiliskipulagsvinna einstakra reita.
- Við vitum ekki hvenær deiliskipulagsferlinu lýkur, það er háð m.a. ákvörðunum lóðarhafa.
- Framkvæmdir á tveimur reitum sem hafa verið samþykktir munu hefjast í byrjun næsta árs.
- Framkvæmdum, við þessa framtíðarsýn þróunarsvæðisins, gæti lokið á 10-20 árum jafnvel tekið lengri tíma.

Spurt og svarað

- **Kemur sundlaugin?**
- SV: Hún er hluti af vinningstillögunni og hefur vakið mikla athygli. Já því ekki! En hún er háð samvinnu milli sveitarfélaganna, Reykjavíkur og Kópavogs.

Spurt og svarað

- **Hefur uppbyggingin áhrif á fasteignaverð?**
- SV: Já við teljum svo vera. Byggð á Kársnesi verður umtalsvert verðmætari með þeim hugmyndum sem komið er á framfæri í skipulagslýsingunni. Það skapast jafnframt möguleikar og tækifæri sem geta haft áhrif á hærra fasteignaverð.
- Nýjar íbúðir, opin svæði, aukin þjónusta, góðar tengingar við Reykjavík, greiðar almenningsamgöngur og svo mætti áfram telja - allt hefur þetta þau áhrif að núverandi eignir á Kársnesi verða verðmætari en ella.

Spurt og svarað

- **Hvaða úrbætur í almenningsamgöngum er verið að skoða?**
- SV: Verkefnalýsingin gengur út á það að breyta ferðavenjum fólks, ekki á morgun heldur á tveimur jafnvel þremur áratugum. Í svæðisskipulaginu er miðað við að markmiðinu um breyttar ferðavenjur verði náð um 2040. Til að auka vægi almenningsamgangna er ráðgert að auka tíðni ferða og möguleika á nýjum samgönguás fyrir almenningsvagn sem tengir Reykjavík og Kópavog saman með brú yfir Fossvog.